

Nd.

335. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og lögum nr. 66 31. des. 1937.

Flm.: Jón Pálmason, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Fyrsta gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 orðist svo:

Við sölu mjólkur og rjóma skulu ákveðin þessi verðjöfnunarsvæði:

1. Reykjavík, Hafnarfjörður, Gullbringu- og Kjósarsýsla, Árnessýsla, Rangárvallasýsla, Skaftafellssýsla vestan Mýrdalssands, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
2. Akureyri, Eyjafjarðarsýsla, Siglufjörður, Skagafjarðarsýsla og Suður-Pingeyjarsýsla.

Mjólkurframleiðendum er óheimilt að selja nýmjólk og rjóma utan þess verðjöfnunarsvæðis, sem þeir eru á (sbr. þó 11. gr.).

2. gr.

Orðin: „og mjólkursölunefnd hefur ákveðið sem sölusvæði“ í fyrstu málgr. 2. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935, samanb. 1. gr. laga nr. 66 31. des. 1937, falli burt.

3. gr.

Síðari málgr. 6. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 falli burt.

4. gr.

A-liður 9. gr. laga nr. 1 7. jan. 1935 falli burt, og breytist stafliðatala greinarnnar samkvæmt því.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. var flutt á síðasta þingi, en náði ekki samþykki. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Mjólkurlögin, sem samþykkt voru á Alþingi 1934, eru í aðalatriðum einkasölulög. Þau gefa vissu svæði kringum hina stærri bæi einkarétt til að selja mjólk og mjólkurafurðir til þeirra kaupstaða, sem um er að ræða. Aðallega hafa komið til greina í þessu sambandi Reykjavík og Hafnarfjörður sunnan lands og Akureyri norðan lands. Jafnframt þessari einkasöluáðstöðu tryggja lögin verðjöfnun til hagsbóta fyrir þá, sem fjær búa, en á kostnað hinna, sem næstir eru sölustað. Þessi lög hafa valdið þrálátum deilum milli þeirra manna, sem hlut eiga að máli. Gildir það þó að eins Sunnlendinga. Meira hafa þær deilur þó snert framkvæmd laganna en tilverurétt, og víst er um það, að þessi lagasetning og framkvæmd hennar hefur haft misjöfn áhrif á hug einstakra sveita og einstakra manna.

Þeir bændur, sem fjær búa og útilokaðir hafa verið frá að njóta þeirra hlunninda, sem þessi einkasölu- og verðjöfnunarlög hafa skapað þeim sveitum, er þau eru sett fyrir, munu flestir hafa litið svo á, að þeim gæfist ekki svo fljótt færi á að rjúfa hringinn og komast sjálfir með sína framleiðslu inn á hinn lokaða markað.

Nú er aðstaðan orðin svo breytt, að við flutningsmenn, sem erum fulltrúar sumra þessara manna, teljum tíma til þess kominn að láta ekki lengur svo til ganga án þess að gera tilraun til breytinga.

Íbúafjöldi viðkomandi kaupstaða hefur aukizt stórkostlega, en aðstaða og atvinnugengi hinna útilokuðu sveita versnað að sama skapi. Þeir, sem njóta einkasölnunnar, hafa ekki getað fullnægt þörfum kaupendanna, auk þess sem þrálátar kvartanir hafa verið um litla vöruvöndun og litla samningslipurð í þessum viðskiptum. Skal hér ekki dómur á það lagður, hver eða hverjir eiga þar mesta sök. Mun og gerð rækileg gangskör að því að fá sannar og öruggar upplýsingar í því efni.

Við flutningsmenn teljum víst, að mjög mikið mætti auka sölu mjólkur og mjólkurafurða í þeim bæjum, sem til greina koma, ef sæmileg og eðlileg ánægja gæti verið með viðskiptin á báða bóga. Er og víst, að þjóðinni allri er hollast að nota þessar heilnæmu vörur sem mest, og að hinu leytnu er framleiðendum nauðsynlegt að geta selt sem mest af þeim. Virðist öfugstreymið orðið nokkuð mikið, þegar slíkar vörur sem smjör eru fluttar úr annarri heimsálfu.

Aðalatriði þessa frumvarps er að lögbinda verðjöfnunarsvæðin sunnan lands og norðan og rjúfa þar með það sölubann, sem legið hefur á þeim héruðum, sem við leggjum til, að hætt sé við. Atvinnuaðstaða þessara héraða hvers um sig skal lítil háttar rakin í aðalatriðum til sönnunar því, að þeim sé rík þörf á þeim breytingum, sem það mundi hafa í för með sér, að þau kæmust inn á þann bezta markað, sem til er í landinu, með framleiðslu sína.

1. Snæfellsnessýsla er hérað, sem hefur byggt hag sinn aðallega á sauðfjárrækt og sjávarafla. Á síðustu árum hefur sauðfjárræktin þar orðið fyrir áföllum af mæðiveikinni, og er hagur bænda í mikilli hættu af þeim sökum. Nautgriparrækt mætti auka til muna, ef mjólkursala kæmi til greina, og gæti þá framtíð landbúnaðarins byggzt mikið á henni. Inn í miðja sýsluna eru 80—100 km frá Borgarnesi og því engin vandkvæði á að flytja mjólk að búinu þar eða til Reykjavíkur.
2. Dalasýsla er eingöngu landbúnaðarhérað og hefur að mestu byggt á sauðfjárrækt. Hefur orðið þar mikið og tilfinnanlegt tjón af mæðiveikinni, og er framleiðslan því í mikilli hættu, ef ekki er nýrra ráða við leitað. Inn í miðja sýsluna er 80—90 km leið frá Borgarnesi.
3. Húnavatnssýslur er háðar líkt settar að því leyti, að sauðfjárræktin hefur þar verið aðalátvinnugreinin um langan aldur og er enn. Útgerð er þar enn lítil, en nokkuð vaxandi, aðallega á Skagaströnd og nokkuð á Hvammstanga. Mæðiveikin hefur leikið bændur þessara héraða svo hart, að eigi eru líkur til, að sauðfjárræktin þar biði þess nokkru sinni bætur. Hrossarækt hefur mikið verið aukin til þess að reyna að bæta upp í skörðin. Hafa bændur og haft af henni talsverðar tekjur. En nú eru þau sund að lokast að miklu leyti vegna markaðsvöntunar. Eru horfur því mjög slæmar með framleiðsluna, ef eigi verður nýrra ráða leitað. Stórum aukin nautgriparrækt og mjólkursala er helzta ráðið. Eru sumar sveitir þessara héraða svo vel fallnar til nautgriparræktar, að á betra verður naumast kosið. Frá aðalkauptúninu, Blönduósi, eru 179 km til Borgarness eða um 4 tíma akstur í góðri færð. Frá Hvammstanga eru 128 km til Borgarness.
4. Bæjarhreppur í Strandasýslu er háður sömu lögum og Dalasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla. Eru ekki nema 89 km til Borgarness frá Borðeyri.
5. Skagafjarðarsýsla er háð sömu lögum og Húnavatnssýsla að flestu leyti atvinnulega séð. En bændur þar hafa orðið fyrri til með að bjarga sér nokkuð frá ógnum fjárpestarinnar með aukinni nautgriparrækt og mjólkurvinnslu ásamt sölu til Sauðárkróks og Siglufjarðar. Virðist einsætt, að Skagafjarðarsýsla sé tekin inn á verðjöfnunarsvæði Akureyrar, ef Skagfirðingar óska þess, sem líklegt má telja.
6. Suður-Þingeyjarsýsla er verst sett allra þessara héraða. Ber það til, að atvinnuvegur hennar hefur mest verið einskorðaður við sauðfjárrækt. Hrossarækt er þar eigi fær. Nú hefur mæðiveikin leikið þingeyyska bændur svo hroðalega, að sumir forvígismenn þeirra telja til auðnar horfa, ef eigi verður til einhverra ráða gripið. Það er því fyllsta sanngirni að gefa þeim Þingeyingum, sem sjá sér fært að auka nautgriparrækt sína, kost á að komast inn á Akureyrarmarkað með verð-

jöfnunarréttindum. Gæti það bjargað hag margra þeirra. Frá miðri Þingeyjar-sýslu eru tæpir 60 km til Akureyrar.

Í öllum þessum sýslum mætti fjölga kúm um margar þúsundir og framleiða þar milljónir lítra af sölumjólk. En þetta verður ekki gert í einni svipan. Til þess þarf nokkur ár. Og það verður ekki gert, nema bændurnir þar fái vissu fyrir að njóta þess réttlætis, sem leiða mundi af þeirri breytingu mjólkurlaganna, sem þetta frumvarp hefur inni að halda.

Það er auðsætt mál, að full sanngirni mælir með því, að öll þau héruð, sem hér um ræðir, njóta sama réttar og þeim héruðum var veittur með mjólkurlögunum, sem nú eru á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en eru utan Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem á sínum tíma varð fyrir ániðslunni af þessari löggjöf.

Úr öllum þessum sveitum er auðvelt að flytja mjólk til Reykjavíkur og Akureyrar þá tíma árs, sem vegir eru snjólausir eða snjólitlir, og stundum er meira að segja Holtavörðuheidi fær, þó að Hellisheidi sé ófær. Þegar ekki er fært að flytja mjólk úr Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og Húnavatnssýslu, má ætla, að hin héruðin geti fullnægt mjólkurþörfinni, af því að þá er framleiðslan með meira móti og að minnsta kosti mun meiri en vor og haust. En þegar ekki er hægt að flytja mjólkina, þarf að vera aðstaða til að vinna úr henni. Það mál þarf undirbúning, og má búast við, að nauðsynlegar framkvæmdir taki nokkurn tíma. En þá fyrst verður hafizt handa, þegar víst er, að Alþingi sinnir þeirri sjálfsögðu sanngirniskröfu, sem hér er flutt. Þá koma til félagsstofnanir í viðkomandi héruðum og annar sá undirbúningur, sem þörf er á.

Menn kunna að halda því fram, að það gangi í öfuga átt til að fá betri vöru að stækka svæðið, en það er álit fróðra manna, að meðferð mjólkurinnar skipti mestu máli, og eins hitt, að mjólkinn sé sem nýjust, þá er hennar er neytt. Hvort hún er í flutningi einum eða tveim tímum lengur eða skemur, skiptir litlu í því efni. Má og geta þess, að austan úr Mýrdal til Reykjavíkur eru yfir 200 km, og þaðan er mjólk flutt nú. Það er álika leið og úr fjærstu sveitum Austur-Húnavatnssýslu til Borgarness. Að lokum má minna á það í þessu sambandi, að það ástand, sem nú er, og sú dýrtíðarlöggjöf, sem er í gildi, herðir mjög á í þessu máli. Bændum er lögakveðið tiltekið verð fyrir mjólk, sem á að gilda helzt um land allt. Meiri hlutinn af tekjum meðalbónda er áætlaður fyrir mjólk. Þeirra tekna njóta þeir bændur ekki, sem bönnuð er mjólkursala og búa í þeim héruðum, sem með þessu frumvarpi er ætlaður sami réttur og aðrir bændur hafa. Mjög margir menn í þessum héruðum hafa nú lægri tekjur en nokkrir aðrir menn í landinu. Úr því verður að bæta með öllum þeim ráðum, sem hugsanleg eru. Í þetta frumvarp eru aðeins teknar með þær breytingar laganna, sem eru bein afleiðing af lögbindingu verðjöfnunarsvæðanna. Löggin þurfa þó frekari endurskoðunar við, bæði um skipun mjólkursölunefndar og fleira.